



Borgarráð  
Ráðhús Reykjavíkur

101 REYKJAVÍK

### *Svar við fyrirspurn um kennslu í Dalskóla*

Skóla- og frístundasviði barst meðfylgjandi fyrirspurn dags. 8. nóvember 2018 frá áheyrnarfulltrúa Miðflokksins í borgarráði:

***BORGARRÁÐ 8. nóvember 2018: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um hvenær kennsla í Dalaskóla hefjist - R18110067***

Hvenær er áætlað að börn í Úlfarsárdal flytji yfir í Dalskóla til kennslu?

Svar:

Kennsla hófst í 1. áfanga nýbyggingar Dalskóla haustið 2016. Þá voru nemendur í 7. – 10. bekk skólans í því húsnæði sem áætlað er að hýsi 4 – 5 ára börn leikskólahlutans í framtíðinni.

Skrifstofa skóla- og frístundasviðs aflaði upplýsinga hjá skólastjórnendum Dalskóla um fyrirkomulag kennslu í skólanum haustið 2018.

Í svari skólastjórnenda kom fram að vegna seinkunar á framkvæmdum við nýbyggingu Dalskóla var gripið til þess ráðs að aka nemendum í 8.-10. bekk í húsnæði Kelduskóla - Korpu frá upphafi yfirstandandi skólaárs og þar til nýtt húsnæði skólans yrði tilbúið til kennslu. Kennsla í 8. – 10. bekk hófst í nýjasta áfanga Dalskólabyggingar þann 10. september sl. Nemendur í 6. og 7. bekk fengu kennslu þessar fyrstu tvær vikur skólaársins í lausum kennslustofum á skólalóðinni, en nemendur í 4. og 5. bekk voru frá skólasetningu í þeim hluta nýju skólabyggingarinnar sem var afhentur haustið 2016. Nú eru allir nemendur í 4.-10. bekk í nýja skólahúsnæðinu í umsjónartímum en kennsla í list- og verkgreinum fer fram í lausum stofum. 1.- 3. bekkur er allan skóladaginn í lausum kennslustofum.

---

Stefnt er að því að flytja kennslu í öllum grunnskólahlutanum ásamt elsta árganginum í leikskólahluta skólans í nýju skólabygginguna haustið 2019. Sú aðstaða sem þá er eftir að taka í notkun í byggingunni er tónlistarmiðstöð, félagsmiðstöð, menningarmiðstöð, hátíðarsalur, sundlaug og íþróttahús. Að sögn skólastjórnenda mun kennsla skólans í íþróttum og sundi áfram fara fram í Árbæjarlaug og Fylkishöll þar til framtíðaraðstaða skólans til kennslu í íþróttum og sundi verður tilbúin.

Virðingarfyllt

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Helgi Grímsson', with a long horizontal flourish extending to the right.

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs